



Umhverfis- og loftslagsstefna
Landhelgisgæslu Íslands
2024-2026

Framtíðarsýn

Tilgangur umhverfis- og loftslagsstefnu Landhelgisgæslu Íslands (LHG) er að tryggja aðgerðir sem styðja við markmið loftslagsstefnu Stjórnarráðsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL). Landhelgisgæslan hefur sett sér markmið og varðað leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar. Áherslur í loftslagsstefnu LHG 2024-2026 byggja á Aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum ([aðgerðaráætlun](#))¹

Landhelgisgæslan hefur innleitt umhverfisstjórnunarkerfi og mælir árangur af aðgerðum sem tíundaðar eru hér að neðan og endurskoðar þær, ef þurfa þykir. Þá heldur stofnunin umhverfisbókhald og skilar grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar árlega og hefur gert frá árinu 2019. Meirihluti losunar er tilkominn vegna notkunar skipa og loftfara á jarðefnaeldsneyti. Orkuskipti í skiparekstri myndi draga verulega úr kolefnisspori af starfsemi LHG.

Gildissvið

Umhverfis- og loftslagsstefna Landhelgisgæslunnar fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og er unnin út frá leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um [loftslagsstefnur opinberra aðila](#). Stefnan nær til reksturs allra starfseininga Landhelgisgæslunnar þ.e.; skrifstofureksturs, flugreksturs, skipaútgerðar, varnamálasvæðis o.fl., og tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla. Stefnan er rýnd og uppfærð annað hvert ár.

Umfang

Út frá markmiðum loftslagsstefnu Landhelgisgæslu Íslands má skipta starfseminni í tvennt.

Annars vegar viðbragðsverkefni LHG, t.d. leit, björgun og eftirlit á skipum og loftförum og æfingum þeim tengdum. Óvarlegt er að gera ráð fyrir samdrætti í losun frá þessari starfsemi enda er það markmið stjórnvalda að auka eftirlits og björgunargetu eininga stofnunarinnar í samræmi við aukið umfang. Unnið er að aukinni eftirlits og björgunargetu Landhelgisgæslunnar, en aðgerðir til samdráttar í losun eru langtíma verkefni sem fylgjast að við framboð á vistvænum orkugjöfum og tækniþróun.

Hins vegar þátta er lúta að daglegum rekstri eins og:

Samgöngum

- Losun vegna aksturs á bifreiðum stofnunarinnar
- Losun vegna flugferða (viðskipaferða) starfsmanna innan- og utanlands.
- Losun vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Rafskútur, reiðhjól og strætófargjald, fyrir starfsmenn í vinnu

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun á öllum starfsstöðvum
- Heitavatnsnotkun á öllum starfsstöðvum

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

Úrgangi

- Losun vegna úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Endurvinnsluhlutfall á öllum starfsstöðvum
- Aðgerðir gegn matarsóun
- Pappírnotkun

Innkaupum

- Hlutfall umhverfivottaðs pappírs og prentþjónustu
- Hlutfall umhverfivottaðra rekstrarvara
- Hlutfall umhverfivottaðrar þjónustu, s.s. mótuneytis, bílaleigubíla, o.fl.
- Áhersla á viðskipti við birgja með umhverfivottaðar vörur og þjónustu
- Áhersla á orkusparandi raftæki
- Vistvænni viðburðir og kynningarefni

Efnanotkun og ræstiþjónustu

- Magn ræsti- og hreinsiefna
- Hlutfall umhverfivottaðra ræsti- og hreinsiefna
- Hlutfall umhverfivottaðrar ræstiþjónustu

Áhrif á losun starfsmanna

- Ferðir til og frá vinnu
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn
- Hjólað í vinnuna
- Plokkdagur
- Endurnýting einkennisfatnaðar
- Gróðursetning/kolefnisbinding með skógrækt - starfsmannaátak

Markmið LHG til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)

- Orkuskipti, samanber aðgerð í kafla B.5 í Aðgerðaáætlun ríkisins, *Orkuskipti í skipum á vegum ríkisins¹*, felur í sér að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis sem orkugjafa í skipum á vegum ríkisins, öðrum en ferjum.
- Að auka hlutfall vistvænna ökutækja í starfsemi LHG og draga með því úr notkun jarðefnaeldsneytis.
- Að auka þekkingu stjórnenda skipa og loftfara til að draga úr olíunotkun eftir eðli viðbragðs hvernar björgunareiningar.
- Að bæta eftirfylgni með innkaupum.
- Að hvetja til sjálfbærni og efla nýtni og endurnýtingu
- Auka samstarf í umhverfismálum milli viðbragðsaðila í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Aðgerðir og eftirfylgni

Frá árinu 2019 hefur Landhelgisgæslan haldið grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum. Landhelgisgæslan starfrækir Umhverfisráð sem samanstendur af einstaklingum frá öllum

starfseiningum stofnunarinnar. Umhverfisráð fundar mánaðalega til að sinna framkvæmd og eftirfylgni með umhverfismálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Rekstrarsvið sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við Umhverfisráð LHG. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd og endurskoðuð árlega, og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð, ef tilefni er til, þegar niðurstöður græns bókhalds liggja fyrir.

Tímasettar aðgerðir eru sett fram í *Aðgerðaáætlun LHG*, í viðauka I.

Niðurstöður græns bókhalds eru birtar á [heimasíðu grænna skrefa](#) ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Forstjóri ber ábyrgð á umhverfis- og loftslagsstefnu Landhelgisgæslu Íslands og verkefnastjóri umhverfismála ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

Kolefnisjöfnun

Árið 2021 var komið á samvinnuverkefni við Landgræðsluna, nú Land og skógur. Landhelgisgæslan hefur tækifæri til að nýta hluta þjálfunar- og æfingartíma þyrlusveita til að sinna uppgræðsluverkefnum í samstarfi við Landgræðsluna. Með aðgerðum eins og þessu samstarfi um uppgræðslu næst kolefnisbinding um leið og nauðsynlegri þjálfun þyrlusveita er sinnt. Þá eru skógræktarverkefni hafið á öryggissvæði LHG í Keflavík.

Þrátt fyrir að ávinningur af þessu uppgræðslustarfi sé óumdeildur er þetta ekki vottuð kolefnisbinding og vandkvæðum bundið að leggja mat á beinan bókhaldslegan ávinning, til mótvægis við losun GHG.

Umhverfis- og loftslagsstefna Landhelgisgæslunnar tekur mið af:

- Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila
- Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum
- Grænum skrefum í ríkisrekstri

Skjöl til stuðnings við markmið umhverfis- og loftslagsstefnu LHG:

- Aðgerðaáætlun LHG í umhverfis- og loftslagsmálum
- Reglum til stuðnings við umhverfis- og loftslagsstefnu LHG.

REYHSAVIN 20. Júní 2024

Dags


Georg Kr. Lárusson